

Umræðuskjal

Nr. 4/2020

Drög að reglum um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, meðal annars um afmörkun á því hvort rekstraraðili teljist reka opinn sjóð, lokaðan eða bæði.

22. júní 2020



Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 31. júlí nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið er sent umsagnaraðilum, en eyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is.

REGLUR

um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, meðal annars um afmörkun á því hvort rekstraraðili teljist reka opin sjóð, lokaðan eða bæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um rekstraraðila sem reka eða markaðssetja einn eða fleiri sérhæfða sjóði hér á landi eða í öðrum ríkjum innan EES, án tillits til rekstrarforms rekstraraðila, rekstrarforms sérhæfðra sjóða og þess hvort þeir eru opnir eða lokaðir, sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

2. gr.

Ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Við ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða skal rekstraraðili fara eftir ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 694/2014 frá 17. desember 2013, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Innleiðing framseldrar reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 694/2014 frá 17. desember 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2016 þann 30. september 2016. Reglugerðin var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57, þann 13. október 2016, bls. 532: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32014R0694.pdf>

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild skv. 5. tl. 2. mgr. 117. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Reglurnar öðlast þegar gildi.